

Leikskólinn Arnarsmári



Skýrsla vegna umsóknar um Grænfána 2020

Hildur Kristín Helgadóttir og Rannveig Jónsdóttir tóku saman

Leikskólinn

Leikskólinn Arnarsmári sem stendur á Nónhæð í Kópavogi tók til starfa 7. janúar 1998.

Í Arnarsmára er starfað samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og Aðalnámsrá leikskóla sem menntamálaráðuneytið gaf út 2011.

Frjáls leikur er aðalatriðið í öllu starfi í Arnarsmára, þar sem ímyndunarafl og sköpunargleði barnanna fær að njóta sín og lögð er áhersla á að efniviður skólans sé breytilegur, sveigjanlegur og skapandi og bjóði upp á fleiri en eina lausn.

Leikskólinn er fimm deilda; í austurhluta skólans eru tvær deildir, fyrir eins og tveggja ára börn. Í vesturhluta hans eru einnig tvær deildir, fyrir þriggja og fjögurra ára börn. Í Hreyfisalnum sem er í miðju hússins, eiga fimm ára börnin athvarf. Þar er lýðræði, sjálfræði og frumkvæði æft af kappi.

Markmið Arnarsmára er að laða fram í fari barnanna *frumkvæði, vináttu og gleði*.

Frumkvæði í hugsun, leik og starfi, ýta undir skapandi hugsun, að börnin leiti sjálf lausna í verkefnum, leysi sjálf deilur á jákvæðan hátt, ýta undir sjálfshjálp þeirra o.fl.

Vináttu, samkennd, góð samskipti, samhjálp, samvinnu; þetta eru þeir þættir sem ýtt er undir og lögð áhersla á að kenna börnunum.

Gleði; með því að ýta undir frumkvæði og vináttu og með því að hafa skýrar reglur þ.e. aga, þá verða börnin örugg um sig, líður vel og eru ánægð. Börnunum er kennt að nálgast hvert annað og leysa deilur á jákvæðan og uppbyggilegan hátt, þ.e. án ofbeldis.



Í tengslum við einkunnarorð skólans er lögð áhersla á ræktun ákveðinna dyggða. Þær eru iðjusemi, virðing, hlýðni/agi, heiðarleiki, fyrirgefning, tillitssemi og kurteisi. Unnið er sérstaklega með hverja dyggð fyrir sig í fimm til sjö vikur í senn og þar er auðvelt að koma inn umhverfismenntinni sbr. að bera virðingu fyrir náttúrunni o.fl.



Arnarsmári hefur verið Grænfánaskóli frá árinu 2010, en hafði nokkrum árum áður byrjað að molta og flokka. Þema Arnarsmára fyrstu tvö árin var átthagarnir og 2012-2014 var það lýðheilsa. 2014-2016 voru þessi þemu sameinuð og haldið áfram með gott umhverfisverndarstarf.

2016-2018 var þemanu um neyslu bætt við. Markmiðin voru að fræða bæði fullorðna og börn um matarsóun, moltun og endurnýtingu. Nýta það sem til fellur frá eldhúsi annað hvort sem fönðurefni eða útidót. Fara vel með hluti svo þeir endist betur. Endurvinnna pappír. Hugsa áður en hent er. Umræður um hvað er nauðsynlegt og hvað er óþarfi.

2018-2020 hefur þemað verið *átthagar og landslag*.

Það varð fyrir valinu vegna þess að leikskólinn er staðsettur efst á Nónhæð og í des. 2017 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs nýtt deiliskipulag Nónhæðar þar sem gert er ráð fyrir 140 íbúða byggð. Arnarsmári er útikennsluskóli, en hefur ekki verið með neitt skipulagt svæði í nágrenninu sem hægt er að kalla útikennslustofu. Nónhæðin (eða „móinn“ eins og hún kallast í Arnarsmára) hefur þó verið sá

vettvangur sem hefur komist næst því. Það hafa orðið miklar breytingar á nærumhverfi skólans á þessum tveimur árum, því fyrir utan þessar breytingar í „móanum“ var garður leikskólans algjörlega endurnýjaður á sama tíma. Umhverfisnefndinni fannst því tilvalið að leyfa börnunum að velta fyrir sér muninum á menningarlegu og náttúrulegu landslagi; hvernig hægt er að breyta landslagi og umhverfi. Einnig hefur verið lögð áhersla á örnefni í nærumhverfinu og Esjuna sem blasir við frá leikskólanum. T.d. hvernig veðrið getur breytt útliti hennar.



Umhverfisnefndin


Valið er í umhverfisnefndina eftir áhuga kennara en jafnframt er reynt að huga að því að einn komi frá hverri deild og eldhúsi. Fundað er á tveggja mánaða fresti.

Nefndin skipuleggur alla umhverfismenntina í skólanum, leggur það svo fyrir aðra kennara sem koma með athugasemdir ef þeim þykir þurfa. Nefndin hefur t.d. skipulagt flokkunar- og moltunarstarfið þannig að deildarnar skiptast á því mánaðarlega að flokka allt sem til fellur frá eldhúsi. Það sem ekki er hægt að nýta í leik og starfi fer í Sorpu. Það sem er lífrænt er moltað. Moltan hefur síðan verið notuð í grænmetisgarða skólans.

Deildarnar skiptast einnig á að hafa svokallaðan „útigangsmann“ sem fer einn hring um lóðina á morgnana til að athuga hvort girðingin sé ekki alls staðar í lagi og hvort nokkuð leynist í garðinum sem gæti verið börnunum hættulegt. Börnin eru höfð með í öllu þessu starfi og auðvitað er hvert tækifæri notað til að uppfræða börnin um umhverfisvernd og sjálfbærni. Umhverfisfræðsla er því samofin öllu starfi í leikskólum og þannig telur nefndin að börnin læri að bera virðingu fyrir umhverfinu.

Inni á heimasíðu skólans eru fundargerðir Umhverfisnefndar:

<http://arnarsmari.kopavogur.is/um-skolann/umhverfisvernd/fundargerdir-umhverfisnefndar/>



Umhverfisráðið

Umhverfisráð Arnarsmára er alltaf skipað elstu börnunum, Gullmolunum, sem eru 13 þetta árið. Umhverfisráðið heldur fundi aðra hverja viku og ræðir umhverfismál og vinnur að endurnýtingu, t.d. með pappírsgerð. Einnig fara „umhverfiseftirlitsmenn“ úr þeirra röðum og kanna hvernig gengur bæði úti og inni og benda hinum (börnum og fullorðnum) á hvað betur megi fara. Umhverfisráðið heimsækir Sorpu þar sem börnin kynna sér starfsemi fyrirtækisins og hvernig hægt er að endurnýta marga hluti. Sorpa gefur börnunum verkefnabók sem þau vinna í ýmis verkefni tengd umhverfisvernd. Skrifaðar eru fundargerðir og er hægt að finna þær á heimasíðu skólans ásamt öllu því sem viðkemur Grænfánaverkefninu.

Á heimasíðu skólans eru fundargerðir Umhverfisráðs:

<https://arnasmari2.kopavogur.is/lisa/Core/Pages/Default.aspx#c2e2a5c6-8c82-4271-a745-b219c2eeddc>



Mat á stöðu umhverfismála

Til að meta stöðu umhverfismála í leikskólanum var gátlisti Landverndar fyrir leikskóla um landslag og áttthaga fylltur út af umhverfisráðinu. Kennarinn las spurningarnar og útskýrði þær betur þegar þurfti. Miklar umræður sköpuðust um flestar spurningarnar, t.d. ræddu þau mikið um mosa, þó hann sé ekki á skólalóðinni; hvað það verði að umgangast hann af mikilli varkárni því hann er svo lengi að vaxa aftur. En mosi væri ofboðslega mjúkur. Spurð um hvort skólinn ætti útikennslusvæði, svöruðu þau því til að það væri bara skólalóðin, en þau þyrftu ekkert sérstakt svæði; þau gætu lært hvar sem er. Þau sögðust fara út á hverjum degi, stundum tvisvar og jafnvel þrisvar á sumrin. Þau rækta kartöflur, salat, kál, gulrætur, rófur og graslauk í grænmetisgarðinum. Þegar kom að spurningunni um fuglana, uppgötvuðu þau að þar hefðu þau ekki staðið sig í stykkinu og ákváðu að bæta úr því við fyrsta tækifæri. Börnin heimsækja með reglulegu millibili skóla og leikskóla í hverfinu. Þau fara í leikfimi í Smárann vikulega og syngja með eldri borgurum í Gullsmára hálfsmánaðarlega. Spurð um hvort þau vildu breyta e-u, voru þau sammála um að það vantaði gangbraut yfir Smárahvammsveg. Þeim fannst líka betra þegar ekki var búið að byggja í móanum, því þá var hægt að leika sér þar. Spurð um hvaða náttúrufyrirbæri væru í nærumhverfinu, nefndu þau tún, tré og jafnvel skóg (Sigguskóg) og svo væri líka Esjan, en þangað yrði að fara í bíl. Í fjöruna væri svolítill spotti, en þangað væri hægt að ganga. Nokkur höfðu farið í fjallgöngu og berjamó og þá oftast með ömmu og afa.



Áætlun um aðgerðir og markmið/ Eftirlit og endurmat

Markmið Umhverfisnefndar Arnarsmára sl. tvö ár með Grænfánapemanu *landslag og átthagar* var að börnin veltu fyrir sér hvernig nærumhverfi skólans liti út og hvernig það hefur myndast. Þannig að þau gerðu sér grein fyrir muninum á náttúrulegu- og manngerðu landslagi. Einnig var lögð áhersla á örnefnin í nærumhverfinu, því „landslag væri lítils virði, ef það hétu ekki neitt“, sem og að fræða börnin um fjallið okkar, Esjuna. Gengið hefur ágætlega að ná settum markmiðum. Börnin í Arnarsmára fara í vettvangsferðir a.m.k. einu sinni í viku þar sem gefst gott tækifæri til að vekja athygli barnanna á umhverfinu og hverskyns umræðum um það. Einnig gefst þeim þar líka tækifæri til að virða Esjuna fyrir sér og ræða um hana, sem og götuheitin í kring og velta fyrir sér hvaðan þau eru sprottin.

Ein samverustund í viku er tileinkuð umhverfismálum, þar sem gott tækifæri gefst til vangaveltna um t.d. hvernig umhverfið hér hafi litið út fyrir 100 árum, hvað er manngert og hvað er náttúrulegt. Bæði í samverustundunum og ferðunum nýta kennararnir sér þær hugmyndir sem fram koma í hugarkortinu og á markmiðssetningarblaðinu.



Umhverfisnefndin fundar reglulega og metur stöðuna, hvernig gengur og hvort farið sé eftir settum markmiðum og hvort eitthvað megi bæta eða breyta. Hún telur markmiðin hafa náðst að mestu leyti. Öll börnin í skólanum nema þau alyngstu (eins árs) taka þátt í moltun, flokkun, pappírsgerð og endurnýtingu, sem ásamt nýtni og nægjusemi er orðið hluti af menningu skólans.

Umhverfiseftirlitsmennirnir eru líka stöðugt á ferðinni til meta stöðuna.

Arnarsmári er orðinn sjálfbær á mörgum sviðum, t.d. hefur afgangspappír verið endurunnninn og í mörg ár hefur verið keypt mjög lítið útidót þar sem ílát úr eldhúsinu hafa verið nýtt mikið til útileikja. Einnig hefur moltan úr jarðgerðartönkunum verið nýtt í grænmetisbeðin árum saman.

Umhverfisnefndin er afar ánægð með hversu allir sem koma að þessu verkefni eru jákvæðir og samstíga.

Gátlisti Landverndar er hafður til hliðsjónar varðandi eftirlit og endurmat.



Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá

Á meðfylgjandi hugarkorti má sjá hvernig unnið var með þetta þema í skólanum og hvernig það tengist aðalnámskrá og markmiðum Arnarsmára;

<https://arnarsmari.kopavogur.is/library/Files/Landslag-hugarkort.pdf>



Kynning á stefnunni

Á heimasíðu leikskólans er umhverfisstefna leikskóla Kópavogs kynnt. Þar eru einnig settar inn fundargerðir umhverfisráðs og umhverfisnefndar sem og umhverfissáttmáli skólans. Í matsal skólans er umhverfismenntin sýnileg uppi á veggjum fyrir gesti og gangandi. Í hverri viku fá börnin fræðslu um umhverfismál. Foreldrar eru fræddir um hvað sé að gerast í umhverfismálum á fundum sem haldnir eru innan skólans. Á skipulagsdögum kennara eru umhverfismálin rædd. Allir eru því vel meðvitaðir um hvað er að gerast í umhverfismálum í leikskólanum.

Sú umhverfis- og lýðheilsufræðsla sem fram fer í Arnarsmára skilar sér, því foreldrar fá að heyra frá börnunum hvað verið er að gera og segja starfsfólki frá áhugasömum umræðum heima fyrir. Kennarar nota hvert tækifæri til að koma að fræðslu um umhverfismennt í öllu starfinu í skólanum.



Umhverfissáttmálinn

Umhverfissáttmáli Arnarsmára hljóðar svo;

„Við berum öll virðingu fyrir sjálfum okkur og náttúrunni og sýnum það í verki.“

Þennan sáttmála „undirrita“ öll börnin með nafni eða fingrafari og hann er síðan hengdur á umhverfisvegginn í matsalnum.

(Grænfánastarfið er í raun orðið hluti af menningu skólans og börnin þar af leiðandi hraust og vel þenkjandi um heilbrigt líferni, flokkun, moltun, náttúruvernd og neyslu. En auðvitað má aldrei láta deigan síga í þessum efnum og nauðsynlegt að halda þeim stöðugt við.)

